

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra
06 315

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lögrelustjórnin á Norðurlandi vestra
kt. 670814-0330
Suðurgötu 1, 550 Sauðárkrúkur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin hefur það hlutverk að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi, stemma stigum við afbrotum og vinna að uppljóstrun brota, greiða götu borgarinnar og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og halda uppi almannafríði og allsherjarreglu.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 348,7 milljónir og afkoma kr. 4,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -8,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 49 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Staður, dags.
Snoorvasson 27.11.2018

Staður, dags.

Forstöðumaður
Snoorvasson



Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	344.600.000	320.027.352
Seld þjónusta	4	104.070	451.051
Framlög og ýmsar tekjur	5	1.162.652	1.624.565
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	2.855.837	1.255.954
Tekjur samtals		348.722.559	323.358.922
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	260.960.794	269.493.183
Annar rekstrarkostnaður	7	79.986.552	60.461.013
Afskriftir	8	2.855.837	1.255.954
Gjöld samtals		343.803.183	331.210.150
Afkoma (tap) fyrir fjármagnslíði		4.919.376	(7.851.228)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	(41.632)	(51.871)
		(41.632)	(51.871)
Afkoma ársins		4.877.744	(7.903.099)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld, tæki og búnaður	10	24.013.558	14.101.505
Aðrar eignir		895.986	868.192
Fastafjármunir samtals		<u>24.953.927</u>	<u>14.969.697</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	2.612.831
Tengdir aðilar	11	22.856.482	22.856.482
Handbært fé	12	1.033.965	1.260.105
Veltufjármunir samtals		<u>24.081.637</u>	<u>26.729.418</u>
Eignir samtals		<u>49.035.564</u>	<u>41.699.115</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	13	(8.648.662)	(13.526.406)
Eigið fé samtals		<u>(8.648.662)</u>	<u>(13.526.406)</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Tengdir aðilar	11	5.758.523	4.608.952
Viðskiptaskuldir	14	8.977.066	6.717.972
Ýmsar skammtímaskuldir	15	26.134.777	28.928.900
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	16	16.813.860	14.969.697
Skuldir samtals		<u>57.684.226</u>	<u>55.225.521</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>49.035.564</u>	<u>41.699.115</u>
Aðrar upplýsingar	17		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		4.877.744	(7.903.099)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	2.855.837	1.255.954
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.855.837)	(1.255.954)
		<u>4.877.744</u>	<u>(7.903.099)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		2.421.641	327.390
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(535.029)	10.954.210
		<u>1.886.612</u>	<u>11.281.600</u>
		<u>6.764.356</u>	<u>3.378.501</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(12.840.067)	(10.472.648)
		<u>(12.840.067)</u>	<u>(10.472.648)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		1.149.571	(3.531.476)
Fjárfestingarframlag		4.700.000	10.472.648
		<u>5.849.571</u>	<u>6.941.172</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(226.140)	(152.975)
		<u>1.260.105</u>	<u>1.413.080</u>
		<u>1.033.965</u>	<u>1.260.105</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremmis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	344.900.000	330.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(300.000)	(10.472.648)
Tekjufærsla fjárveitinga	344.600.000	320.027.352
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.855.837	1.255.954
	<u>347.455.837</u>	<u>321.283.306</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	331.500.000	0	0	331.500.000
Fjáraukalög	(2.200.000)	0	0	(2.200.000)
Launbætur	2.900.000	0	0	2.900.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(300.000)	0	0	(300.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	12.700.000	0	0	12.700.000
Fjárveiting til tekna	344.600.000	0	0	344.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(339.722.256)	0	0	(339.722.256)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	4.877.744	0	0	4.877.744

	2018	2017
4 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	104.070	451.051
	<u>104.070</u>	<u>451.051</u>
5 Framlög og ýmsar tekjur		
Ýmsar tekjur	1.162.652	1.624.565
	<u>1.162.652</u>	<u>1.624.565</u>
6 Laun og launatengd gjöld		
Laun	209.435.676	215.810.846
Orlof, breyting	434.252	2.645.381
Launatengd gjöld	48.622.572	49.970.907
Starfsmannakostnaður	2.468.294	1.066.049
	<u>260.960.794</u>	<u>269.493.183</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	35,0	35,0

Skýringar

	2018	2017
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	833.532	615.619
Byggingarvörur, almennar	73.476	13.957
Byggingarvörur, aðrar	8.686	1.933
Ýmis tæki og áhöld	2.200.254	525.414
Varahlutir og viðhaldsvörur	56.571	7.744
Orkugjafar	2.670.057	1.796.759
Matvæli	2.627.368	2.317.460
Almennar rekstrarvörur	3.062.166	1.481.944
Vörukaup, almenn	11.532.110	6.760.830
Rannsóknarstofuefni	1.000.700	51.945
Ýmsar sérgreindar vörur	3.990	133.607
Vörukaup, sérgreind	1.004.690	185.552
Fundir, námskeið, risna	138.300	236.957
Ferðir, uppihald	2.731.980	1.876.455
Akstur	5.887.394	2.638.732
Sérfræðipjónusta	1.927.563	31.566
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	166.219	108.391
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	172.100	154.075
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.846.216	590.490
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	13.869.772	5.636.666
Afnotagjöld	2.067.691	3.755.025
Leigugjöld	42.415.481	36.504.256
Notkun véla og flutningatækja	164.266	100.849
Verkkaup	3.369.490	2.139.995
Kostnaðarhlutdeild	5.438.581	5.225.860
Tryggingar, lögboðnar	2.937	0
Opinber gjöld	8.334	41.180
Tilfærslur	113.200	110.800
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	53.579.980	47.877.965
Annar rekstrarkostnaður samtals	79.986.552	60.461.013
	2018	2017
8 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	2.829.872	1.244.842
Lækninga- og rannsóknartæki	19.647	10.495
Aðrar eignir	3.706	617
	2.855.837	1.255.954
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	41.632	51.871
	41.632	51.871

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
10 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	24.013.558	14.101.505
Aðrar eignir	895.986	868.192
	<u>24.953.927</u>	<u>14.969.697</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018	18.625.301	0	868.809	19.494.110
Viðbætur á árinu	12.761.572	46.995	31.500	12.840.067
	<u>31.386.873</u>	<u>46.995</u>	<u>900.309</u>	<u>32.334.177</u>
Afskriftir 1.1.2018	4.523.796	0	617	4.524.413
Afskrift ársins	2.849.519	2.612	3.706	2.855.837
	<u>7.373.315</u>	<u>2.612</u>	<u>4.323</u>	<u>7.380.250</u>
Staða 31.12.2018	<u>24.013.558</u>	<u>44.383</u>	<u>895.986</u>	<u>24.953.927</u>

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	22.856.482	22.856.482
	<u>22.856.482</u>	<u>22.856.482</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	5.396.593	3.912.952
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	361.930	696.000
	<u>5.758.523</u>	<u>4.608.952</u>

12 Handbært fé

Tékkareikningar	1.033.965	1.260.105
	<u>1.033.965</u>	<u>1.260.105</u>

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(13.526.406)	(28.479.789)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	22.856.482
Afkoma ársins	4.877.744	(7.903.099)
Jöfnuður 31.12.	<u>(8.648.662)</u>	<u>(13.526.406)</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 22,9 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrir mælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
14 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	8.977.066	6.717.972
	<u>8.977.066</u>	<u>6.717.972</u>

15 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	25.936.115	25.501.863
Ógreidd laun	0	2.983.062
Önnur ógreidd gjöld	198.662	443.975
	<u>26.134.777</u>	<u>28.928.900</u>

16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	24.953.927	14.969.697
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	(8.140.067)	0
	<u>16.813.860</u>	<u>14.969.697</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	14.969.697	0	14.969.697
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	4.400.000	4.400.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	300.000	300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12.840.067	(12.840.067)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.855.837)	0	(2.855.837)
	<u>24.953.927</u>	<u>(8.140.067)</u>	<u>16.813.860</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 0,3 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

Skýringar

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samningar við fasteignir ríkisins vegna suðurgötu 1 og hnjúkabyggðar 33. Árlegar greiðslur vegna húsaleiga eru um 10 m.kr. ár ári. Stofnunin hefur einnig gert skuldbindandi samning við Ríkislögreglustjóra vegna tölvukerfis en árleg greiðsla vegna þess er um 5 m.kr. á árl.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.